

Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki

27. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki miðvikudaginn 8. apríl 2020. Fundurinn var með rafrænum hætti gegnum fundarbúnaðinn Teams kl. 14:00.

Mætt frá byggingarnefnd: Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Tómas Ellert Tómasson, Hrund Harðardóttir, Helga Sighvatsdóttir og Magnús Gíslaon. Emættismenn: Óðinn K. Andersen, Eiríkur Steinn Búason, Verkís, Birgir Edwald og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð.

Eiríkur Steinn fór yfir meginefni fundarins.

Birgir kynnti búnaðarlista sem hann gerði í undirbúingsvinnu v/Sunnulækjarskóla fyrir mismundi rými skólans í 2004 áfanganum og svo kom annar v/2007 áfangann. Getur nýst sem fyrirmynd fyrir vinnuna framundan.

Lítið á búnaðarlista fyrir heimasvæðin í nýja skólanum. Fastir og lausir skápar, sumir með læstum hirslum. Farið yfir borð, stóla og önnur húsgögn. Spáð í vaska o.fl. Gera þarf ráð fyrir margvíslegum borðasamsetningu. Pullur virka bara fyrir allra yngstu, frekar að nota sófa fyrir eldri nemendur. Leggja upp með töflu og skjái í hverju kennslurými. Bent á skjái og töflur á hjólum að hluta. Stapaskóli er að kaupa slíkt sem er gott m.t.t. sveigjanleikans. Magnús kynnti slíkan búnað.

Gardínur á heimasvæðum. Svólítið svart að vera með black out á heimasvæðum. Leggja upp með 3% skyggingu. Vinnuherbergi kennara 15m². Þar þurfa að vera m.a. læstir skápar og hillur. Lausar töflur frammi geta nýst þarna inni. Rennur á veggjum. Screen fram á ganginn. Skoða möguleikann á filmum eða gardínum milli glerja.

Hópherbergi 10m². Þarna væri hægt að vera með veggtöflu, skápa og hillur.

Kennslustofa 40m². Töflur, skjár og hillur. Handlaug og spegill, þarf að skoða m.t.t. reglugerðar. Þarf líklega að vera þarna enda lítil kennslustofa. Rennur sem þola marga tengla. Horfum á stóran skjá og frekar snertiskjá í stóra rýminu. Stór skjár og veggföst tafla. Símakerfi þarf að vera í öllu húsinu, símar þurfa alls staðar að vera aðgengilegir. Staðsetning borða m.a. fyrir tölvur, breytilegt.

Umræða hvort eigi að vera sérstakt teymi vegna gerðar búnaðarlista. Þar á fyrst og fremst skólafólkið að vera. Lítil hópur gæti kastað fram grunnhugmynd og svo gæti stærri hópur kennara og stjórnenda farið yfir hana. Þegar farið er yfir eldhúsið þurfa kokkar að koma að og svo frístundafólkið fyrir sitt svæð, smíðakennarar, textíl o.s.frv. Enginn hengdur fyrir að koma með input það er byggingarnefndin sem á þetta.

Eiríkur Steinn hefur samband við Ólaf um þessi næstu skref.

Fjölnotalalur og matsalur. Hvert er hlutverk þessara sala og hvernig er hönnunin að taka á því? Helga fór yfir fjölnotalur út frá lofthæð sem og æfingasal og tengingar við matsal, kassi ofan í miðjan salinn sem gengur illa upp að mati tónlistarskólafólks. Hún er ekki alls kostar ánægð með þá lausn sem hefur verið sett fram m.t.t. tónleika. Hefur m.a. kynnt sér málið hjá Skólahljómsveit Kópavogs. Tónlistarskólalastjóri og ritari hans verða að vera tengd tónlistarskólanum. Fjölnotalalurinn þarf að vera vel nothæfur sem tónleikasalur. Þessi gangur á milli er ekki góður m.t.t. þess að salurinn nýtist vel til tónleika. Mikilvægt að fá allt

fram. Lofthæð á æfingasal þyrfti helst að vera 5 m. Rýmið þarf að styðja við endurróm og annað sem þarf að hugsa um. Þurfum að fá arkitektanna að þessu. Þessum óskum verður komið til þeirra. Helga og Eiríkur Steinn taka saman minnisblað um þetta.

Fundi slitið kl. 15:01